

The Dominion Bank

MARKET STREET, W. 100
SHEPPARD AVENUE, E. 100

Hafnustóll, upp. \$ 6,000,000
Varaþéttur \$ 7,700,000
Allar eignir, yfir \$120,000,000

Sérstakt athugið velti viðskiptum
um kaupmanna og veruþéttu
aga.

Sparrisjóðsdællid.

Vextir af innstæðufé greiddir
lafr háfr og annarsstaðar víð-
gengst.

FRANK A. SMITH

P. B. TUCKER, Ráðgjafi

Rómantik.

(Framhald frá 3. síðu)

ir settjarðar sinnar, að minsta kosti ekki í upphafi; þeir lifðu svo að segja í almennum hugsjónaheimi, sem liggur handan við ættjörð og samtíð; þeir leituðu sér að verkunum hvarvetna í heiminum og á öllum öldum.

En þetta breyttist, þegar nokkuð kom út á nýju öldina. — yngri rómantísk kynslóðin, Arnim, Brentano, Gröres og fremur öðrum Kleist, er fyrst og fremst þýkt; þjóðernistilfinning þeirra er ákveðin og kappöm, — þeir eru settjarðarvinir.

Við verðum þó að varast að gera takmörkin of skörp; það er hér sem alstaðar ella í sögunni, að landamerin eru óljós; svo sem eg hef reyndar þegar bent á, voru einnig til straumir í elztu rómantíkinni, sem runnu þeint í sömu átt sem hún þengir þjóðernislega stefna, er hreyfingin fylgdi síðar. Þegar Wackenroder sökti sér á stúdéntarum sínum af ástríðu niður í rannsókn fornþýzka handrita, eða dvaldi í Herzensergießungen, með ástúð við Albrecht Dürer, þegar hann sýngur lof um Nürnberg og fornþýzka byggingalist, — þá liggja faldar í þessu rætur að sérstaklega þjóðernislegri list. Um Tieck er sama máli að segja; áhugi hans á æfintýrum og fornum alþýðubókum, sem hann færir sér í nyt í skáldskap sínum, vinnur með að breytingunni.

Það er þó einkennilegt fyrir elztu rómantísku kynslóðina, að settjarðarast hennar er mestmegnis bókmentaleg; áhugi þeirra á hinu þjóðlega á helzt rót sína að rekja til þess, að þeir finna þar ný verkefni — nýtt efni í skáldskap. Hjörtu þeirra eru ekki brent heit og þrungin af hinum verulegu örögum settjarðarinnar, sem voru harla dimm í kringum þá. Fyrstu og sterkustu æskuáhrifunum urðu þeir fyrir á þeim tíma, þegar pólitíska ástandið heima fyrir vakti skellingu í staðinn fyrir hrifningu. Í lok átjándu aldarinnar lá þýzkur þjóðarandi og

Fritt til þeirra er þjást af Asthma eða Hay Fever

Fritt til reynda áferð sem allir geta
brókast á óþinglaða eða
tíma málinu.

Vér höfum áferð til að lækna Asthma og viljum að þér reynt þá og okkar eigin kostnað. Gerir engan mis-
kun hvort veikin er af þýzku eða hvort hún gerir vart við sig sem Hay Fever eða chronic Asthma. Þér getið samt að senda eftir því þessu til reyndu. Gerir engan misgunn í hvaða loftslagi þér eigið heima í eða hvaða stöðu þér heitið eða á hvaða aldri þér eruð ef þér þjást af Asthma eða Hay Fever þá ætti áferð okkar að lækna tafarlaust.

Vér viljum helst af öllu senda til þeirra er þjást af þessu öllu þessu óþinglaða sjúkdóminum þar sem öll innöndunar meðel eins og óþing og gufufloft o. þ. h. hefir brugðist. Vér viljum sýna öllum á okkar eigin kostnað að okkar áferð hefir að koma í veg fyrir æfintýra andardrátt, þrappa-
kenda, hnerra og andardrátt þýzku. Þetta ókeypis tilboð er af ástundandi til þess að þá sé varast einn einasta dag skriftis og og byrjið að reyna það undir eins. Sendið engna peninga. Þá er sendið árið einsa sem hér fer á eftir. Gerið þá í dag. Þér borgið ekki einu einu þúsundgjöld.

FREE TRIAL COUPON
FRONTIER ASTHMA CO., Room 110
Niagara & Hudson Sts., Buffalo, N.Y.
Send free trial of your method to:

þjóðernistilfinning svo gersamlega í dvala og ástandið var svo samt, að þessu menn þjóðarinnar forðust að skipta sér af opinberum málum og leituðu hælís í hugsjónaheimi fyrir handan skýin, sem fólgu fyrir þeim veruleikann, er þeir höfðu andstygt á.

Þessi kynslóð horfir til himins á leið sinni gegnum lífið, sökkuir sér ofan í hið djarfasta hugarflug í heimspeki, reisir kynlega loftkastala úr kónguldarverf drama sinna en sér hvorki né vill sjá þá veröld, sem er umhverfis.

A meðan gekk járnharður veruleikinn í magns líki frá Frakklandi út yfir alla Evrópu, og hver þjóðin eftir aðra kinnar í hnjóldunum fyrir veldi hans, en engin þjóð hrapar svo langt niður sem Þýzkaland, er alt var í molum og skorti enn þá tilfinninguna um það, að vera ein þjóð; að lokum var hið mikla þýzka ríki komið á grafarbakann; — en á barminum vaknar kynslóðin upp úr drumum sínum, lítur skelfi í kringum sig, tekur heljartökum og bjargar sér frá glötun. Þessi þjóðarraun gripur smátt og smátt allar hugsandi sálir, og söngvar skáldanna fyllast líka meir og meir af örögum settjarðarinnar.

Til mannfr. frá Piney.

"Oft má af máli manna þekkja," flaug mér í hug þegar eg las greinina frá Pineybondanum í Hkr. I. þ. m., sem á að vera svar við grein er birta í Lögbergi 26. janúar s. l. Ekki er það ætlu min að svara þeirri grein, því hún mun að mestu svara fyrir sig sjálf, eða að henni verður af til vill svarað seinna. En það er nú ekki þungamiðja þessarar falletu grein ar hans, heldur er það persónuleg illkvæmi til mín.

Betra hefði honum verið að vera skynlaus skepna, en að láta annað eins rugl og andans fúl-
mensku frá sér fara, eins og þessi grein hans er í Hkr. I. s. l. mán. Mikil finst honum til um þessa forarpolla, enda munu hans andlegu og líkamlegu hæfileikar þríf-
ast þar best. Hann ógrar mér um að það mundi fara ver fyrir mér, ef eg reyndi að fara hér til kosn-
inga aftur. Mikill þykist hann vera; og mannaað hafa, en þar ákjalast honum heldur illa. Slík-
ur molduxi gæti ekki verið leið-
togi hvítra manna! — Ekki ætla eg að geta til hver maðurinn muni vera, en það er víst, að um það mun fáum villast sjónir sem til þekkja. Eitt ráð vil eg gefa honum, og það er að reyna að leita á náðir guðs og góðra manna til að reyna að útrýma þessum vonda anda, sem sýnist hafa yfirstigið hann, því líklega er hann orðinn svo magnaður, að hann getur ekki orðið af með hann af sjálfdáðum.

Svo er þessu máli lokið frá minni hálfu, og legg máli mitt undir dóm þeirra manna sem þekkja mig best, hvar helzt þeir eru.

B. G. Thorvaldsson

Ath.

Par sem vini vorum Mr. B. G. Thorvaldssyni hefir fundist vera persónulega sneitt að sér í á-
minstri grein, og vér vitum að hann er þekktur sem nýtur og góður borgari í sínu bygðarlagi, vild-
um vér ekki sinna honum svars. Persónulegheit og nágranna bú-
skaparkritur ætti ekki að vera gert að blaðamáli. Meira verður því ekki tekið þessu viðvíkjandi í blað vort.

Ritstj.

DANIR TAKA LAN.

Skömmu fyrir jólin samþykkti danska ríkisþingið lög um að taka 30 milljón dollara lán í Ameríku. Aðalbankarnir í Kaupmannahöfn annast lántökuna, en National City Bank í New York útgavar peningana. Ríkislán þetta er þorg-
að út með 90% og er afborgunar-
laust í næstu 20 ár. Að þeim tíma loknum á lánsupphæðin að greið-
ast með 105 fyrir 100, svo að lán þetta verður nokkuð dýrt.



HANS OG GRÉTA

Framh.

"Hvar eru þau?"

"Þau eru í lítla húsinu okkar uppi á hólum. Við fundum þau við lækinn, og þeim var kalt, og þau sögðust ekkert hafa fengið að borða í dag nema þurt brauð og það væri ekkert til í kveldmat-
inn nema svo litill mjólkurdropi, og þau hafu enga sökka eða skó, og hén á Nonna standa út úr bux-
num hns. — Mamma, er það ekki fallett að hjálpa þeim sem bág eiga, eins og Jesús gerði?"

Móðir barnann stóð upp, það voru tár í augum hennar, og henni varð orðfall um stund. Hún gekk að matarskápnunum, og fyllti dálitla körfu af kökum og kjöti, smurðu rúgbrauði og nokkrum sykurmol-
um o. fl.; svo fékk hún þeim körfuna og sagði:

Hérna er svolítið til að gleðja litlu börnin sem eiga bág. Fylgið þeim svo yfir lækinn aftur, og ver-
ið góð við þau. Svo kysti hún bæði börnin sem hröðuð sér af stað sem mest þau máttu.

Þegar þau komu upp á hólinn sátu þau Ella og Nonni kyr inni í húsinu. Ella sat með brúðuna hennar Grétu í fanginu, en Nonni var að skoða boga sem Hans átti, en ekki þorði hann að skjóta af honum, því hann hélt að hann mundi skemma hann.

Andlit Nonna og Ellu ljómuðu af gleði þegar þau sáu hvað var í körfunni. Svo settust þau Hans

og Gréta með Nonna og Ellu á milli sín og réttu þeim úr körfunni.

Við skulum bara borða sína kökuna hvert sagði Hans við Grétu, því við erum ekkert svöng. Nonni borðaði um stund, og svo skjöta með honum.

"Viltu ekki borða meira Nonni? Það er mikið" eftir, sagði Hans. "Já," — svo hlóði hann í eyrað á Hansi, "Má eg gefa mömmu líka; hún er svo lasin og eg held að það sé af því að hún er svo svöng."

"Já, já," sagði Hans. Svo rétti hann þeim sínar tvær kökurnar hvoru og tók svo klúttinn sinn og bréfið sem var í körfunni, setti það sem eftir var í það, og batt klúttinn utan um og fékk Nonna hann.

Nú ætlum við að koma með ykkur yfir lækinn."

Ellu langaði ekki til að fara strax. Hún leit löngum augum til brúðunnar, Gréta á það, tók brúðuna og fékk Ellu hana. Þú mátt eiga þessa brúðu, eg á tvær aðrar heima."

Og þú mátt eiga þennan boga, Nonni; eg skal biðja hann Bjarna gamla að smíða mér annan, og hén eru tíu örfar sem fylgja honum."

Nonni og Ella voru orðlaus af undrun og gleði. Aldrei höfðu þau lifað slíka hátíð fyrir. Aldrei höfðu þau átt brúðu og boga fyr en nú. Ella kysti brúðuna og þrýsti henni að hjarta sínu sem væri hún heilagur dýrgripur sem hún aldrei skyldi glata.

Nonni skoðaði bogann í krók og kring, eins og hann gæti ekki trúð því að hann ætti svo fall-
egan hlut.

Þau fóru ofan að læknum, Ella dást mest að kjólnum sem brúð an var í, og lét hún hverja spurn-
inguna reka aðra við Grétu á leiðinni ofan að læknum, en Nonni og Hans töluðu um bog-
ann og hve langt væri hægt að skjóta með honum.

"Við þurfum að fara að fara heim, Gréta," sagði Hans. "Vertu sál, Ella," sagði Hans. Ella hljóp til hans og kysti hann, og svo Grétu á eftir; sama gerði Nonni. Hann faðmaði Hans að sér og sagði: "Við skulum biðja Guð að blessa ykkur, í kvöld þegar við förum að sofa, og við skulum biðja Guð að senda ykkur pen-
ingasvo þið getið fengið góð fót og nóg að borða."

Svo hlupu þau sitt í hjerja áttina, Nonni og Ella heim að Koti en Hans og Gréta upp á hól og tóku körfuna og fóru svo heim glöð yfir dagsverki sínu, Nonni og Ella komu heim heit og rjóð af hláupunum.

Mamma, mamma; lítta á hvað Gréta á Hvöli gaf mér." "Og lítta á hvað Hans gaf mér," og Nonni rétti fram bogann sinn. "Og, mamma, þau, þau gáfu okkur ó-
sköpin öll af góðum mat, og líka handa þér, mamma," og Nonni rétti mömmu sinni böggulinn sem maturinn var í.

"Fórúð þið upp að Hvöli?"

"Nei, þau komu ofan að læknum," og svo sögðu þau alla söguna, sem var ekkert smáræði í þeirra augum. Jóhann kom inn í þessu, og var honum sagt og sýnt allt saman. Hann horfði um stund þegjandi á börnin og leikföngin og matinn, sem kona hans hafði tekið úr bögglinum.

"Eru Hans og Gréta ekki góð, þabbi?"

"Já, þau eru góð, og guð gefi að þau verði aldrei svo rík að þau glyemi að hjálpa þeim sem eiga bág."

Þau ætla að biðja Guð að senda okkur peninga svo við getum fengið ný fót og nóg að borða. Þið eigið líka að biðja guð að blessa systkinin á Hvöli fyrir hvað þau eru góð við ykkur."

"Við ætlum að gera það, þabbi, áður en við förum að sofa, og svo settust þau öll til borðs með mjólk og matinn frá börnunum á Hvöli, og sjaldan mun máltíð hafa verið meðtekin með meira þakklæti en þessi.

Þegar Hans og Gréta komu heim, voru þau glöð og ánægð yfir því sem þau höfðu gert, en um leið háflaneyft yfir því að hafa gefið í burtu brúðuna og bogann í leyfisleysi.

Þegar þau komu inn kallaði móðir þeirra á þau og spurði þau hvort Nonni og Ella hefðu orðið glöð við sendninguna, og kváðu þau já við því. "Fylgduð þið þeim yfir lækinn aftur?"

"Já, og Ella kysti mig, mamma," sagði Hans niðurlútur, "Og Nonni kysti mig líka," sagði Gréta.

"Mamma," sagði Hans, "Er það nokkuð ljótt að gefa öðrum það sem maður á sjálfur," "Nei, barnið mitt, það er fallett en ekki ljótt."

"Eg gaf Ellu brúðuna, mína, gall Gréta við. "Og eg gaf Nonna bogann minn. Ó, mamma, ef þú vissir hvað þeim þótti vænt um."

"Þið eruð góð börn, og ham-
ingjan blessi ykkur fyrir allt gott sem þið gerið öðrum. Svo fengu börnin að borða, og svo fóru þau upp á loft til að sofa.

Niðurl.

ÚTBREIÐSLA TALSIMANNA.

Bandaríkin í Ameríku eru langmesta símaland heimsins. Útbreiðslan hefir orðið svo mikil þar, að heita má að síminn þyki jafn ómissandi á hverju heimili eins og algengustu innanstokksmunir. Að notkun símanna er svo miklu meiri þar en annarsstaðar, telja menn stafa af því, að símannir eru einkafyrirtæki, en ekki reknir af ríkinu. Talsíma-
afgreiðslan er einnig talin þar miklu betri en annarsstaðar og yfirleitt hafa símamálín náð meiri fullkomnun þar í landi en annarsstaðar, eigs og viðeigandi er í Bandaríki talsímannna.

Tveir þriðju hlutar allra talsíma í heiminum eru í Bandaríkjunum. Þar eru 12 milljón talsímar, eða 114 símar fyrir hverja 1000 manns. Stóra-Bretlandi eru ekki nema 19 símar fyrir hverja 1000 manns, eða 854,045. Síðan í. janúar 1919 hefir símunum fjölgað í Bretlandi um 100 þúsund en í Bandaríkjunum um meira en milljón. Canada hefir 81 síma á þúsund íbúa, Danmörk 73., New Zealand 65, Svíþjóð 64, Noregur 45, Australía 40, Sviss 30, Þýzka-
land 23. Langfullkomnastir eru símannir í Svíþjóð af öllum þeim sem ríkisstetur er á.

Það er Bell-félagið (kent við höfund talsímans), sem hefir einskónar einkaleyfi á talsímum í Ameríku og greiðir það ríkissjóði 9% rentu af 1180 milljón dollurum fyrir leyfið.

Evrópumönnum er gjarn til að álíta talsíma nokkurakonar óþarfa, sem hægt sé að komast af án. Ameríkumenn telja hann ómissandi á hverju heimili, hvort heldur er í borgum eða til sveita.

Lögr.

Lögr.

Prentun.

Allskonar prentun fljótt og vel af hendi leyst. — Verki frá utanbæjarmönnum sérstakur gaumur verkinn. — Verðið sanngjart, gefið gott.

The Viking Press, Limited

853—855 Sargent Ave. Talsími N 6537

BORGID HEIMSKRINGLU.

ENF þá eru margir, sem ekki hafa sent oss borgun fyrir Heimskringlu þu á þessum vetri. Þá vildum vér biðja að draga þetta ekki lengur, heldur senda borgunina strax í dag. Þeir, sem skulda oss fyrir marga árganga eru sérstaklega beðnir um að grynnna nú á skuldum sínum sem fyrst. Sendið nekkra dollara í dag.

Miðum á blaði yðar sýnir frá hvaða mánuði og ári þér skuldið.

THE VIKING PRESS, Ltd.,
Winnipeg, Man.

Kæru herrar:—

Hér með fylgjaDollara, sem borgun á áskriftargjaldi mínu við Heimskringlu.

Nafa

Aritun

BORGID HEIMSKRINGLU.